



## 185 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 27. nóvember kl.10:00 á skrifstofu SSV í Borgarnesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Ragnar Sæmundsson, Einar Brandsson, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Sigurbjörg Ottesen, Jakob B. Jakobsson og Jósef Kjartansson. Guðveig Eyglóardóttir tók þátt í fundinum á Teams. Júníana Óttarsdóttir og Sigurður Guðmundsson boðuðu forföll. Einnig sat fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV og Hrafnhildur Tryggvadóttir atvinnuráðgjafi sem ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.10:00

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð frá 184 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 184 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

#### 2. Samningur við Sorpurðun Vesturlands

Framlagður þjónustusamningur við Sorpurðun Vesturlands sem gildir út árið 2026. Í samningnum felst að SSV leggur Sorpurðun Vesturlands til framkvæmdastjóra sem heldur utan um rekstur, mannhald og aðra umsýslu með starfsemi urðunarstaðarins í Fíflholtum. Rætt var um umsýslu með bókhaldi Sorpurðunar og hvort auka mætti sjálfvirkni og færa vinnu í auknum mæli til SSV. Stjórn samþykkti samninginn

#### 3. Yfirlýsing um samstarf um fjölgun opinberra starfa á Vesturlandi

Lögð fram til kynningar sameiginleg yfirlýsing Umhverfis, orku og loftlagsráðuneytisins og SSV um fjölgun opinberra starfa á Vesturlandi. Yfirlýsingin var undirrituð í tengslum við flutning höfuðstöðva nýrrar Náttúrufræðistofnunar á Akranesi. Stjórn samþykkti að SSV taki frumkvæði í þeirri vinnu sem fram er sett í yfirlýsingunni og framkvæmdastjóra falið að ýta verkefninu úr vör. Áhersla lögð á að Náttúrufræðistofnun hefji vinnu við rannsóknaráætlun Breiðafjarðar sem fyrst.

#### 4. Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Framlögð tillaga að skipan fulltrúa í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands og fagráð atvinnu og nýsköpunar annars vegar og menningar hins vegar. Samþykkt var að eftirtaldir aðilar skipi úthlutunarnefnd og fagráð:

## Úthlutunarnefnd

Jónína Erna Arnardóttir

Gyða Steinsdóttir

Magnús Smári Snorrason

Jóhanna María Sigmundsdóttir

Brynjar Sigurðsson

## Fagráð atvinnu og nýsköpunar

Elva Magnúsdóttir

Guðsteinn Einarsson

Ragnar Þór Gunnarsson

## Fagráð menningar

Ella María Gunnarsdóttir

Eirún Sigurðardóttir

Bjarni Sigurbjörnsson

### 5. Vetrarþjónusta á vegum á Vesturlandi

Rætt um vetrarþjónustu á vegum á Vesturlandi, en fyrirhugaður er fundur framkvæmdastjóra sveitarfélaga með Vegagerðinni 2. desember 2024. Í umræðu kom fram að reglurnar hafa ekki verið uppfærðar í takti við breytingar á umferð á vegum. Nauðsynlegt að reglurnar séu uppfærðar í samræmi við umferðartölur dagsins í dag. Auk þess sem fram komu áhyggjur af því að það verði engin sveigjanleika á skipulagi snjómoksturs. Einnig rætt um vetrarþjónustu á mismunandi vegum á svæðinu, óhöpp, öryggisatriði, vegmerkingar og leiðsögukerfi.

Framkvæmdastjóra falið að taka ábendingar og umræður á fundinum sem veðanesti á fund með framkvæmdastjórum sveitarfélaga og Vegagerðinni 2. desember 2024.

### 6. Eftirfylgni með ályktunum Haustþings SSV

Lagt fram minnisblað um eftirfylgni með ályktunum Haustþings SSV 2024. Stjórn samþykkti þær tillögur sem komu fram í minnisblaðinu, auk þess sem samþykkt var að kynna samgöngu- og innviðaaætlun Vesturlands fyrir nýjum þingmönnum.

### 7. Gott að eldast

Lagt fram minnisblað frá Líf Lárusdóttur verkefnisstjóra SSV um stöðuna á verkefninu Gott að eldast á Vesturlandi. Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblaðið og kynnti sérstaklega að fyrirhugað er að innleiða verkefnið í öllum sveitarfélögum á Vesturlandi á árinu 2025. Vegna þess er nauðsynlegt að

hækka starfshlutfall verkefnisstjóra úr 25% hlutfalli í 50% starfshlutfall. Verkefnið verður áfram fjármagnað í gegnum Sóknaráætlun Vesturlands, en jafnframt verði leitað eftir stuðningi frá ríkinu. Stjórn samþykkti að starfshlutfall verkefnisstjóra verði hækkað í 50%.

Öll svæði innan verkefnisins Gott að eldast hafa fengið fjárveitingu fyrir starfi tengiráðgjafa. Hlutverk hans er að stuðla að því að draga úr félagslegri einangrun eldra fólks. Fjármögnun þessa starfs er tryggð næsta ár. Tengiráðgjafi hefur verið hluti af starfsmannahópi Akraneskaupstaðar, en aðilar eru sammála um að hentugra gæti verið að hann yrði hluti starfsmannahópi SSV. Stjórn gerir ekki athugasemdir við að starf tengiráðgjafa verði fært til SSV, útfærslan unnin í samráði við Akraneskaupstað.

## **8. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands**

Lagt fram minnisblað um stöðu áhersluverkefna Sóknaráætlunar Vesturlands sem eru í gangi og fyrirhugað er að klárast árið 2025. Fram kom að í tveimur verkefnum hafa ákveðnir verkþættir fallið niður eða verið mun ódýrari en fyrirhugað var. Framkvæmdastjóra falið að vinna tillögur að framgangi áhersluverkefna í samræmi við umræður á fundinum og með hliðsjón af þeim verði settir inn nýir verkþættir þar sem fjármagn er til staðar. Jafnframt samþykkti stjórn að heimila framkvæmdastjóra að skrifa undir samning um stuðning við rekstur Fab-Lab smiðju Vesturlands á Akranesi, en framlag Sóknaráætlunar Vesturlands verði 2 m.kr. árið 2025.

## **9. Sóknaráætlun Vesturlands 2025-2029**

Hrafnhildur Tryggvadóttir atvinnuráðgjafi hjá SSV og gerði grein fyrir þeim ábendingum og athugasemdum sem hafa borist í kynningarferli áætlunarinnar. Með hliðsjón af athugasemdum voru lagðar til minniháttar breytingar á áætluninni sem stjórn samþykkti. Jafnframt samþykkt stjórn tillögu að endanlegri sóknaráætlun með áður samþykktum breytingum.

Við samþykkt fjárlaga fyrir árið 2025 var samþykkt hækkan á framlagi innviðaráðuneytis til sóknaráætlana landshlutanna. Þetta þýðir að framlagið til Vesturlands hækkar um 6,5 m.kr. frá síðasta ári. Stjórn samþykkti að hækka framlag til Uppbyggingarsjóðs Vesturlands um 10 m.kr.

## **10. Framlögð mál**

Almyrkvi á sólu verður 12. ágúst 2026. Flest gistirými eru nú þegar uppbókuð á Snæfellssnesi og í Borgarbyggð. Rætt um sóknarfærin sem felast í því m.t.t. markaðssetningar svæða og samstarf ferðaþjónustuaðila á svæðinu, en einnig um viðbragð lögreglu og uppbyggingu innviða.

Fundi slitið 12:05